

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans. Fjárlagatillög-ur Rannsóknastofnunarinnar skulu vera sérgreindur hluti af fjárlagatillögum Háskólans.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr., sbr. 17. gr., laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 24. júlí 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

**um staðfestingu á deiliskipulagi staðgreinireits 1.241.0
við Mjólnisholt, Reykjavík.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 9. júlí 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð deiliskipulags fyrir staðgreinireit 1.241.0 við Mjólnisholt, Reykjavík.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Borgarstjórnar Reykjavíkur og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfissráðuneytið, 30. júlí 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUR

**fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur,
Gerðahrepps, Sandgerðis og Keflavíkurflugvallar.**

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur, Gerðahrepps, Sandgerðis og Keflavíkurflugvallar er svo skipuð að í henni eiga sæti 11 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, bæjarstjórn Keflavíkur, bæjarstjórn Njarðvíkur, hreppsnefnd Gerðahrepps, bæjarstjórn Sandgerðis og Varnarmála-skrifstofa utanríkisráðuneytisins skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Nefndin kys sér ritara og vararitara úr sínum hóp.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að endurskoðun á gildandi skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og flugvallarsvæðið, eftir því sem þurfa þykir en skipulag þetta var staðfest 20. september 1983 og 12. október 1983. Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé og sker þá umhverfissráðherra úr að fenginni umsögn

skipulagsstjórnar. Leita skal úrskurðar utanríkisráðherra, ef ágreiningur varðar flugvallar-svæðið. Hlutverk fulltrúa varnarmálaskrifstofu skal jafnframt vera að ræða við fulltrúa varnarliðsins um skipulagstillögur á varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar og afla samþykkis þess fyrir tillögum nefndarinnar.

3. gr.

Formaður boðar til fundar með hæfilegum fyrirvara, þegar hann telur þörf á og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki gert samþykkt um mál, er varðar sérstaklega hagsmuni einhvers sveitarfélagsins eða varnarmálaskrifstofu ef fulltrúar (fulltrúi) þeirra lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun. Nefndin skal halda gerðabók og skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlök eða á næsta fundi. Sá fundarmaður, sem ósamþykkur er ákvörðun meirihluta á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða í bókina.

4. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir Skipulag ríkisins nauðsynlega aðstoð.

5. gr.

Þegar samvinnunefndin hefur samþykkt tillögu að endurskoðuðu skipulagi svæðisins eða þess hluta, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu, sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til skipulagsstjórnar. Um meðferð tillögunnar, eftir að hún er komin í hendur skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að sveitarfélögin, sem aðild eiga að nefndinni og varnarmálaskrifstofa greiða helming kostnaðar sem skiptist innbyrðis miðað við íbúafjölda en Skipulag ríkisins helming. Ef ekki næst samkomulag allra aðila, sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

7. gr.

Stefnt skal að því að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1993. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en 12 mánuði í senn.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 31. júlí 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.